

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 69/1988. **Gunnar Gunnarsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn

Trésmiðjunni Meiði
(Ólafur Gústafsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Lausafjárkaup. Eignarréttar-
fyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988. Hann gerir aðallega þær dómkröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfugerð áfrýjanda hér fyrir dómi er áfátt. Samkvæmt eðli máls ber að taka kröfu um ómerkingu og frávísun til meðferðar á undan kröfu um efni máls.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Er umrædd kaup voru gerð, undirrituðu áfrýjandi og starfsmaður stefnda skjal sem bar heitið: „Kaupsamningur með eignarréttarfyrirvara — Skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð“. Skjal þetta er á prentuðu eyðublaði og ákvæði 5. gr. þess svohljóðandi:

„Verði um að ræða vanskil af minni hálfu með því að greiða ekki afborgun á réttum gjalddaga eða með því að sýna af mér vanrækslu, hvað snertir umgengni og hirðingu á hinu selda, eða með því að brjóta á nokkurn hátt í bága við ákvæði kaupsamnings/skuldabréfs þessa, telst öll skuldin fallin í gjalddaga, og er seljanda þá heimilt að taka hið selda aftur þegar í stað án fógetagerðar eða með aðstoð fógeta, ef þess gerist þörf. Ég á þá engan endurkröfu-rétt á greiddu fé, þar sem það skoðast sem greiðsla á leigu, verðyrn-

un og skaðabótum til seljanda vegna samningsrofanna. Seljandi hefur einnig heimild til að höfða þegar í stað mál til heimtu skuldarinnar og má reka það skv. 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Mál skal rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Verði af minni hálfu vanskil, skal greiða hæstu lögleyfða dráttarvexti af vanskilaskuldinni samkvæmt vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.“

Stefndi fól lögmanni sínum að innheimta hjá áfrýjanda samningsfjárhæðina auk vaxta og kostnaðar. Innheimtubréf í þá átt var ritað 19. september 1985. Við málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að hinn 26. febrúar 1986 krafðist stefndi þess að húsgögnin yrðu tekin úr vörslum áfrýjanda. Áfrýjandi skilaði húsgögnunum 2. eða 3. maí 1986. Sami maður tók við þeim og undirritað hafði samning áfrýjanda og stefnda. Hinn 18. desember sama ár ritaði lögmaður stefnda áfrýjanda og sagði m.a.: „Vegna vanefnda af yðar hálfu á kaupsamningi nr. 1012 um kaup á húsgögnum frá Trésmiðjunni Meiði hafði verið farið fram á vörslusviptingu á umræddum húsgögnum. Það hefur hins vegar verið staðfest að þér hafið skilað umræddum húsgögnum. Eftir stendur að greiða dráttarvexti og innheimtukostnað. Krafan nemur nú kr. 75.505,00. Dráttarvextir eru reiknaðir frá 1. maí 1985 til 1. maí 1986.“ Stefndi höfðaði síðan mál þetta með áskorunarstefnu 1. apríl 1987 „til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 128.968,00“ ásamt vöxtum og dráttarvöxtum frá 12. apríl 1985 til 2. maí 1986, „að frádregnum kr. 128.968,00, og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu“. Tekið er fram, að húsgögnunum hafi verið skilað og „það metið sem greiðsla höfuðstóls...“. Síðan segir: „Þrátt fyrir innheimtutilraunir hefur ekki tekist að innheimta eftirstöðvar skuldarinnar og er því málshöfðun nauðsynleg.“ Undir rekstri málsins breytti stefndi kröfum sínum og krafðist nú vaxta eins og rakið er í héraðsdómi. Með þessari málshöfðun vill stefndi þannig í reynd hagnýta sér bæði þau úrræði, er samningur aðila veitir honum.

Ákvæði fram lagðs samnings eru óskýr. Þar er blandað saman kaupsamnings- og skuldabréfsákvæðum og í greindu vanefndaákvæði eru ekki gerð skýr skil á milli uppgjors, þegar seljandi fær húsgögnin aftur, og þess, er hann freistar þess að innheimta andvirði þeirra. Stefndi heimti húsgögnin aftur. Því samræmist illa að

halda kaupunum að einhverju leyti upp á áfrýjanda. Krafa stefnda er óútreiknuð vaxtakrafa. Áfrýjandi fékk húsgögnin hjá stefnda og hafði þau í sinni vörslu frá 12. apríl 1985 fram í maí 1986. Stefndi hefur ekki lagt fram ákveðna kröfu og gögn sem nauðsynleg eru til uppgjörs á viðskiptum aðilanna. Ber af þessum ástæðum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Hvor aðili ber sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. desember sl., hefur Trésmiðjan Meiður, nnr. 8857-5016, Síðumúla 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. apríl 1987, á hendur Gunnari Gunnarssyni, nnr. 3356-2267, Fljótaseli 12, Reykjavík. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 34% ársvexti af kr. 128.968,00 frá 12. apríl til 20. maí 1985, en 4% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en 3,5% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en 3,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% dráttarvexti á mánuði frá þ.d. til 2. maí s.á. og málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. söluskatt.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnar Gunnarsson, Fljótaseli 12, Reykjavík, greiði stefnanda, Trésmiðjunni Meiði, 34% ársvexti af kr. 128.968,00 frá 12. apríl 1985 til 20. maí s.á., en 4% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en 3,5% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en 3,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 2. maí s.á. og kr. 56.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.